

Lög

um Kristnihátíðarsjóð.

1. gr.

Stofna skal sjóð, Kristnihátíðarsjóð, til að minnast þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir forsætisráðuneytið.

Starfstími sjóðsins er fimm ár, til ársloka 2005.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt:

- að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;
- að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

3. gr.

Alþingi kýs stjórn Kristnihátíðarsjóðs, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Stjórnin velur formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Kosningin gildir fyrir starfstíma sjóðsins, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Stjórn sjóðsins skal eiga samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og fjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skiptir því fé sem er til ráðstöfunar milli verkefnasviða, sbr. 2. gr., og ákveður framlög úr sjóðnum. Hún skipar verkefnisstjórn fyrir hvort meginsvið og gera þær tillögur til stjórnar um verkefni og framlög til þeirra fyrir hvert starfsár. Stjórn sjóðsins getur sett verkefnisstjórnnum nánari reglur, þar á meðal um faglegt eftirlit þeirra með verkefnum og framvindu þeirra, svo og um megináherslur í starfi þeirra og tillögum.

5. gr.

Sjóðstjórn semur greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert og skulu greiðslur úr honum aðeins fara fram samkvæmt skriflegri beiðni sjóðstjórnar.

Þeir sem fá fé úr Kristnihátíðarsjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar. Verði misbrestur á, eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt, er henni heimilt að stöðvar greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Lögð skal fyrir Alþingi skýrsla um starfsemi Kristnihátíðarsjóðs eftir hvert starfsár hans.

6. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 millj. kr. fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum.

7. gr.

Kristnihátíðarsjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni.

8. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Löggin falla úr gildi í árslok 2005.

Samþykkt á Alþingi 28. febrúar 2001.